

Fundagerð

Fundur með foreldraráði Reykjakots 29.05.2024

Mættir: Jónas Margeir Ingólfsson foreldri, María Pálmadóttir foreldri, Kristlaug Þ. Svavarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Þórunn Ósk Þórarinsdóttir leikskólastjóri

Dagskrá:

**1. Menntastefna:**

2. Rætt um Menntastefnu Mosfellsbæjar og hvort foreldrar væru meðvitaðir um að sveitafélagið hafi mótað sér stefnu í menntamálum og að hún sé unnin í samvinnu við hagaðila sem eru börn, foreldrar, starfsfólk, kjörnir fulltrúar og íbúar Mosfellsbæjar. Hún er aðgengileg inn á heimasíðu Mosfellsbæjar: <https://mos.is/ibuar/born-og-ungmenni/menntastefna> Við vorum sammála um að kynning og umræða væri lítil í leikskólaumhverfinu og mikilvægt að koma þessu á framfæri til foreldra.

**3. Innleiðing farsældarlaganna**

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, eða farsældarlögin eins og þau eru gjarnan kölluð, voru samþykkt á Alþingi þann 11. júní 2021 og tóku gildi 1. janúar 2022. Frá því að lögin voru samþykkt hefur markvisst verið unnið að innleiðingu þeirra á vegum ríkis og sveitarfélaga um allt land. Eitt helsta nýmæli farsældarlaganna er að marka samstarfi mismunandi þjónustukerfa skýran farveg í lögum.

Innleiðingin mun taka einhvern tíma og þá er það í árum talið frekar en mánuðum. Þetta eru umtalsverðar breytingar og starfsfólk og stjórnendur skóla Mosfellsbæjar fengið kynningu og fræðslu á þeim breytingum sem lögin hafa í för með sér. Inn á heimasíðu Mosfellsbæjar má sjá ítarlega umfjöllun um innleiðinguna hjá Mosfellsbæ.

Við vorum sammála um að leggja áherslu á að fá einhverskonar fræðslu til foreldra og fræðslusvið mun koma með tillögur að þeirri fræðslu í innleiðingafærlinu.

Sjá nánar: <https://mos.is/ibuar/velferd/farsaeld-barna>

**4. Skólapúlsinn- Niðurstöður foreldrakönnunar**

5. Kristlaug kynnti niðurstöður foreldrakönnunar og í viðhengi má sjá þá úrbótaáætlun sem leikskólinn hefur gert í kjölfarið.
6. **Rætt um stöðu leikskólans** og áhyggjur foreldra og stjórnenda af mannauði leikskólanna. Mikilvægt að koma með skýr skilaboð að til aðgerða þurfi að grípa til að sporna við manneklu í leikskólaumhverfinu.